

Iðnaðarráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: **Atvinnuveganefnd**
 Sendandi: **Skrifstofa orkumála - iðnaðarráðuneytið**
 Dagsetning: **08.12.2011**
 Málsnúmer: **IDN11090035**
 Bréfalykill: **3.0.1**

Alþingi
Erindi nr. P 140/734
komudagur 8.12.2011

Efni: **Raforkueftirlitsgjald. Verðlagsútreikningar.**

Mál 305 - raforkulög (hækkun raforkueftirlitsgjalds)

Á fundi atvinnuveganefndar 6. desember 2011, vegna máls 305, var óskað eftir upplýsingum um hvenær raforkueftirlitsgjald skv. 31. gr. raforkulaga nr. 65/2003, hafi breyst síðast og að sýnd verði uppfærsla á því miðað við verðlagsþróun. Í minnisblaði þessu er þær upplýsingar að finna.

Raforkueftirlitsgjald lækkaði með breytingarlögum nr. 67/2008 en það hafði verið óbreytt frá setningu raforkulaganna 2003. Skv. 5. gr. breytingarlaga nr. 67/2008 lækkaði gjaldið á flutningsfyrirtækið úr 0,3 aurum í 0,2 auru. Gjald á dreifiveitur lækkaði úr 0,7 aurum í 0,5 auru.

Í neðangreindri töflu er gjaldið uppreiknað miðað við verðlagsþróun. Ef notað er gjaldaviðmið eins og það var árið 2003 og það framreiknað til dagsins í dag, þá ætti gjaldið að vera 0,46 aurar fyrir flutningsfyrirtækið og 1,08 eyrir fyrir dreifiveitur.

Í frumvarpinu sem nú er fyrir Alþingi er lagt til að raforkueftirlitsgjaldið verði 0,4 aurar fyrir flutningsfyrirtækið og 1 eyrir fyrir

dreifiveitur.

Ef hins vegar gjaldið, eins og það var lækkað í júní 2008, er framreiknað (mv. vísitölu í júní 2008) til dagsins í dag, þá ætti gjaldið að vera 0,25 aurar fyrir flutningsfyrirtækið og 0,62 aurar fyrir dreifiveitur.

	Viðtala	Hækkun	Uppsöfnuð hæ	Uppsöfnuð/hækk	2003 Viðmið		2008 Viðmið	
	Nóvember	Verðlags frá 2003	frá 2008		Flutningsfyrirtæki	Dreifiveitur	Flutningsfyrirtæki	Dreifivei
2003	229,3				0,30	0,70		
2004	237,9	3,8%			0,31	0,73		
2005	248	4,2%	8,0%		0,32	0,76		
2006	266,1	7,3%	15,3%		0,35	0,81		
2007	279,9	5,2%	20,5%		0,36	0,84		
2008	327,9	17,1%	37,6%		0,41	0,96	0,20	0,50
2009	356,2	8,6%	46,3%	16,0%	0,44	1,02	0,23	0,58
2010	365,5	2,6%	48,9%	18,6%	0,45	1,04	0,24	0,59
2011	384,6	5,2%	54,1%	23,8%	0,46	1,08	0,25	0,62
2012 (eftir hækkun)					0,40	1,00	0,40	1,00